



UMHVERFISSTOFNUN

Greinargerð vegna athugasemda á auglýsingatíma vegna starfsleyfistillögu fyrir Háafells ehf.

Viðbrögð Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun auglýsti tillögu að starfsleyfi fyrir Háafell ehf. á tímabilinu 8. apríl 2016 til 3. júní 2016.

Umsagnir sem bárust og viðbrögð Umhverfisstofnunar

Stofnuninni bárust athugasemdir við starfsleyfistillöguna á auglýsingatíma frá eftirfarandi aðilum: NASF og Óttari Yngvasyni (fyrir hönd eigenda Haffjarðarár í Hnappadal).

Hér á eftir fylgir stuttur útdráttur úr umsögnum og viðbrögðum Umhverfisstofnunar við þeim:

- Í umsögnunum er bent á að ekki sé heimilt að gefa út rekstrar eða starfsleyfi nema burðarþolsmat liggja fyrir. Bent er á að samþykki ráðuneytis fyrir eldinu skipti engu máli í því samhengi.
 - *Skv. 8. gr laga um fiskeldi númer 71/2008 skal burðarþolsmat vera framkvæmt af Hafrannsóknastofnun eða öðrum aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsögn Hafrannsóknastofnunar. Atvinnuvega- og Nýsköpunarráðuneyti barst umsögn Hafrannsóknastofnunar og samþykkti í kjölfarið það burðarþolsmat sem lagt var til grundvallar fyrirhugaðra framkvæmda í Ísafjarðadjúpi. Burðarþolsmatið var byggt á niðurstöðum reiknilíkana (FjordEnv og DEPMOD) ásamt LENKA viðtakamati. Niðurstöður þessa mats gefa til kynna að burðarþol fjarðarins sé 13.000 tonn og fellur eldið innan þeirra marka. Umhverfisstofnun bendir að auki á síðasta lið í grein 1.6 í starfsleyfistillögu en þar er bent á að hægt sé að endurskoða leyfið ef burðarþolsmat svæðisins verður síðar metið of lítið fyrir starfsemina. Umhverfisstofnun bendir jafnframt á að burðarþolsmatið hefur verið lagt fram í mati á umhverfisáhrifum og liggur til grundvallar álitum Skipulagsstofnunar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar var sú, með hliðsjón af umfangi viðtakans og fyrirætlanir um eldi á þessu svæði, að áhrif starfseminnar á burðargetu svæðisins yrðu óveruleg og neikvæð áhrif afturkræf.*
- Bent er á að fyrirhuguð eldissvæði séu í innan við 15 km fjarlægð frá ósum laxveiðiáa með meðalveiði yfir 500 laxa. Samkvæmt 4. gr reglugerðar nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og löndun laxastofna þá á fjarlægðin að vera 15 km frá laxveiðiám með meðalveiði yfir 500 laxa síðustu 10 ár. Hvannadalsá og Langadalsá eru með sameiginlegan ós og meðalveiði yfir 500 laxa saman síðustu 10 ár.
 - *Samanlögð meðalveiði þessara tveggja áa síðustu 10 ár (2005-2015) er, skv skýrslunni „Lax- og silungsveiðin 2015, VMST/16026“ sem gefin var út af*

Veiðimálastofnun, 503 fiskar, ef lögð er saman veiði í báðum ám ár hvert og reiknað út meðaltal sl. 10 ára. Í báðum ám tíðkast að veiða og sleppa, en fjöldi fiska sem sleppt er af veiðimönnum í hvorri á fyrir sig er a.m.k 0-160 fiskar á ári (skýrslur VMST/13039 og VMST/14044). Meðalfjöldi veiddra fiska í Langadalsá og Hvannadalsá er þar af leiðandi undir 500 fiskum síðastliðin 10 ár.

- Bent er á að ekki sé fjallað fullnægjandi um sleppifiska og fyrirbyggjandi aðgerðir.
 - *Samkvæmt lögum um fiskeldi nr. 71/2008 gefur Matvælastofnun út rekstrarleyfi til fiskeldis. Þar kemur fram að Matvælastofnun geti áður en leyfi er veitt aflað umsagna Fiskistofu, Veiðimálastofnunar, Hafrannsóknastofnunar og viðkomandi sveitarstjórnar eftir því sem við á um hvort náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu starfssvæði fiskeldisstöðvar eða fyrirhugaðar eldistegundir, eldisstofnar eða eldisaðferðir gefi tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa sem leitt getur af leyfisskyldri starfsemi. Í rekstrarleyfi skulu vera ákvæði um varúðarráðstafanir til að koma í veg fyrir að fiskur sleppi vegna eldis eða flutnings á fiski, og ákvæði um áætlun um aðgerðir til að endurheimta fisk sem sleppur. Í 14. gr. reglugerðar nr. 1170/2015 um fiskeldi kemur einnig fram að jafnframt skal í rekstrarleyfi fyrir laxeldi í sjókvíaeldi kveðið á um skyldu til notkunar erfðavísa þannig að unnt sé að rekja uppruna eldislaxa til ákveðinna sjókvíaeldisstöðva. Einnig skal í rekstrarleyfi kveða á um skyldu til utanáliggjandi merkingar á eldislaxi í sjókvíaeldi samkvæmt ákvæðum reglugerðarinnar.*
- Bent er á að ekki sé fjallað um upplýsingaskyldu til hagsmunaaðila um óhöpp eða slysasleppingar í starfsleyfi.
 - *Upplýsingaskylda vegna slysasleppinga og óhappa sem tengjast slysasleppingum heyrir ekki undir starfsleyfi Umhverfisstofnunar heldur rekstrarleyfi Matvælastofnunar og tilkynningar til Fiskistofu. Í reglugerð um fiskeldi kemur eftirfarandi fram:*
 - *3. mgr. 30. gr. „Hafi rekstrarleyfishafi vitneskju eða ætti að hafa vitneskju um frávik á búnaði eða þjónustu sem gætu leitt til slysasleppinga skal hann tafarlaust setja í gang eigin verkferla til að koma í veg fyrir eða draga úr slysasleppingum. Tilkynna skal um frávik til Matvælastofnunar og til framleiðanda eða þjónustuaðila.“*
 - *Almennt á við um slysasleppingar eða óhöpp sem geta leitt til slysasleppinga 37. gr. reglugerðarinnar: „Rekstrarleyfishafi, sem missir fisk úr fiskeldisstöð skal án tafar tilkynna slíkan atburð til Fiskistofu.....“*
- Bent er á að ekki sé fjallað um ábyrgðatryggingu vegna umhverfistjóns sem eldið kann að valda.
 - *Samkvæmt 14. gr. laga 71/2008 um fiskeldi þarf öllum nýjum rekstrarleyfum vegna sjókvíaeldis að fylgja ábyrgðatrygging sem heyrir undir útgáfu rekstrarleyfis Matvælastofnunar.:*
 - *„ Fyrir útgáfu rekstrarleyfis til sjókvíaeldis skal umsækjandi leggja fram sönnun þess að hann hafi keypt ábyrgðatryggingu hjá vátryggingafélagi. Ábyrgðatrygging takmarkast við að greiða þann kostnað sem til fellur við að fjarlægja búnað sjókvíaeldisstöðvar sem*

hætt hefur starfsemi, viðgerð á búnaði, hreinsun eldissvæðis og nauðsynlegar ráðstafanir vegna sjúkdómahættu, sbr. 21. gr. b. Ábyrgðartrygging skal gilda út gildistíma rekstrarleyfis og í tvö ár að gildistíma loknum. Trygging nær ekki til tjóns sem veiðiréttahafar verða fyrir vegna strokufisks úr eldisstöð. Í starfsleyfi er kveðið á um umhverfisábyrgð (gr 1.9) rekstraraðila samkvæmt lögum 55/2012 um umhverfisábyrgð. Rekstraraðila ber að koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af því.

- Bent er á að ekki sé fjallað um skyldu rekstraraðila til að örmerkja og útvortismerkja hluta af sleppingu.
 - *Skv. 49. grein reglugerðar um fiskeldi, nr. 1170/2015, er rekstraraðila skylt að auðkenna eldislax þanngi að 10% af útsettum seiðum í sjókvíar verði uggaklippt og skal það, skv. 14. grein sömu reglugerðar, tekið fram í rekstrarleyfi Matvælastofnunar. Rekstraraðila er ekki skylt að örmerkja eldisfiska en í athugasemd er vísað í 3-4 grein reglugerðar 105/2000. Þar er kveðið á um skyldu til að örmerkja hluta seiða sem notuð eru í hafbeit en aðilar með sjókvíarekstur skulu merkja a.m.k 5000 laxa með útvortis merkjum, þ.e uggaklippingu.*
- Bent er á að ekki sé fjallað um þá miklu mengun sem eldið muni losa út í umhverfið.
 - *Í álit Skipulagsstofnunar er fjallað um þá mengun sem eldið kanna að valda á umhverfið og sjávarbotninn nálægt eldinu sé innan þeirra marka sem fram koma í áætluðu burðarþolsmati samkvæmt LENKA. Áhrif þess eldis sem þegar er á staðnum hefur sýnt að botndýralíf hefur breyst mikið en þau áhrif séu líklega vegna þess að árgangasvæðin séu ekki hvíld á milli lota. Í starfsleyfistillögunni og rekstrarleyfinu er kveðið á um að hvíla þurfi árgangasvæði milli eldislota til að draga úr áhrifum mengunar. Umhverfisstofnun bendir einnig á að í greinum 4.2 og 5.1 í starfsleyfinu eru ákvæði þar sem gerð er krafa um umhverfisvöktun á botni vegna uppsöfnunar mengandi efna og er umhverfisvöktunin nánar útfærð í vöktunaráætlun stöðvarinnar. Í mati á umhverfisáhrifum kemur fram að áhrif vegna mengunar frá eldinu komi til með að hafa óveruleg til nokkuð neikvæð, tímabundin áhrif en afturkræf. Þessu megi stýra að verlulegu leiti með hæfilegri hvíld á eldissvæðum en um slíkt er kveðið á í starfsleyfinu samkvæmt grein 1.2.*
- Bent er á að samkvæmt 2. mgr. 8. gr. laga nr. 71/2008 um fiskeldi sé kveðið á um að í umsókn um rekstrarleyfi skuli fylgja áætlun um fjármögnun mannvirkja og annars búnaðar ásamt 30% hlutfalli um eiginfjármögnun.
 - *Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi þar sem kveðið er á hvaða þætti rekstraraðilar þurfa að skila inn og uppfylla til að fá útgefið starfsleyfi. Matvælastofnun gefur hinsvegar út rekstrarleyfi fyrir viðkomandi og að uppfylltum skilyrðum sem þar er kveðið á um m.a fjármögnun. Hvorug stofnunin gefur út leyfi nema öll skilyrði séu uppfyllt.*